



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

JÖFNUNARSJÓÐUR

**Skýrsla um jöfnunarsjóð alþjónustu
fyrir árið 2011**

Desember 2012

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
1.1. Almenn	3
1.2. Alþjónusta	3
1.3. Um jöfnunarsjóð	3
1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds	4
1.4. Markaðsávinningur og fl.	4
2. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði vegna ársins 2011	5
2.1. Mál fyrir dómstólum	5
3. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki	6
3.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2011	6
3.2. Staða jöfnunarsjóðs	7
4. Um stöðu Jöfnunarsjóðs alþjónustu	8

1. Inngangur

1.1. Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun er vörslu- og umsýsluaðili jöfnunarsjóðs samkvæmt 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, (hér eftir fjarskiptalög). Jöfnunarsjóður er aðskilinn frá fjárhag Póst- og fjarskiptastofnunar og hefur sérstakt fjárlaganúmer.

Samkvæmt 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal Póst- og fjarskiptastofnun birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og skrifa greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft af því að veita þjónustuna. Póst- og fjarskiptastofnun birtir nú í sjötta sinn yfirlitsskýrslu um framlög fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð, ásamt yfirliti yfir þær skuldbindingar sem fallið hafa á jöfnunarsjóð.

1.2. Alþjónusta

Við afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu þann 1. janúar 1998, varð til nýtt hugtak í fjarskiptarétti svokölluð alþjónusta. Með alþjónustu er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks fjarskiptaþjónustu óháð búsetu. Núgildandi reglur um alþjónustu eru í VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og í reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að útnefna einn aðila eða fleiri til þess að bjóða alþjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Eftirfarandi þjónusta er nú skilgreind sem alþjónusta, sbr. 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar um alþjónustu:

- Almenn talsímaþjónusta
- Handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar)
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða
- Aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónusta um öll símanúmer
- Almenningsímar
- Aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala

Þau fyrirtæki sem í dag hvílir á skylda til að veita alþjónustu samkvæmt fjarskiptalögum eru Neyðarlínan ohf., Míla ehf., Síminn hf. og Já Upplýsingaveitur ehf. Öllum fyrirtækjunum ber að veita þjónustu um allt land.

1.3. Um jöfnunarsjóð

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar alþjónustuskyldur geta sótt um framlag úr jöfnunarsjóði til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Til að standa straum af fjárframlagi til fjarskiptafyrirtækja er innheimt jöfnunargjald á bókfærða veltu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu.

Jöfnunargjald sem skattstjórar leggja á og innheimta af fjarskiptafyrirtækjum er svokallaður veltuskattur, sbr. 22. gr. fjarskiptalaga.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga kveður á um gjaldstofn jöfnunargjalds, álagningarprósentu og endurskoðunarhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar. Ákvæðin hljóða svo:

„Skal jöfnunargjald lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,10% af bókfærði veltu skv. 2. mgr. Skal fjárförf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra...“

Ofangreint ákvæði felur í sér skattlagningarheimild og skilgreinir gjaldanda, skatthlutfallið og skattstofninn. Skattstofninn er bókfærð velta, þ.e. rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi.

1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds

Á árinu 2011 var álagningarprósenta jöfnunargjalds 0,10% af bókfærði veltu fjarskiptafyrirtækja.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega, sjá nánar 22. gr. fjarskiptalaga.

1.4. Markaðsávinningur og fl.

Með lögum nr. 78/2005 var 21. gr. fjarskiptalaganna breytt á þann veg að ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og ósanngjörn byrði á fyrirtækinu geti það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Póst- og fjarskiptastofnun skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Í 11. gr. reglugerðar nr. 1356/2007 um alþjónustu eru settar nánari leiðbeiningar varðandi útreikning á kostnaði við alþjónustu.

Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt alþjónustuveitanda til að sækja um fjárframlög ef það tap sem er á þjónustunni er ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Þá er í 2. mgr. kveðið á um fyrir hvaða tíma þarf að vera búið að sækja um fjárframlög og í 3. mgr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um fjárframlag úr jöfnunarsjóði.

- greinargóð lýsing á þeirri starfsemi sem sótt er um framlag fyrir.
- nákvæmar upplýsingar um hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.
- greinargerð um á hvern hátt rekstrartapið er ósanngjörn byrði á fjarskiptafyrirtækinu.

- upplýsingar um hvernig bókhaldslegum aðskilnaði er háttað hjá fyrirtækinu, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga.

2. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði vegna ársins 2011

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2011 var Neyðarlínunni ákvarðað framlag úr sjóðnum fyrir árið 2011 að upphæð 41.888.160 kr. og eru þetta einu skuldbindingarnar sem fallið hafa á sjóðinn á árinu 2011.

Þann 14. október 2011 sótti Síminn um framlag úr jöfnunarsjóði upp á rúmlega 40 milljónir kr. vegna reksturs almenningssíma og náði umsóknin til árána 2007 til 2011. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 35/2012 var umsókn fyrirtækisins hafnað m.a. á þeim grunni að tap fyrirtækisins vegna reksturs almenningssíma væri ekki ósanngjörn byrði á félaginu, sbr. 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Einnig er rétt að upplýsa hagsmunaaðila um að þann 12. október 2012 barst umsókn frá Mílu ehf. um framlag úr jöfnunarsjóði vegna rekstur koparlínukerfis í strjálbýli fyrir rekstrarárið 2013, óskar Míla eftir styrk að fjárhæð 194.542.732 kr. Með umsókninni fylgdi greinargerð með útreikningum á hækkunarþörf á koparheimtaugum og styrkþörf vegna reksturs í strjálbýli. Á þessari stundu er óvíst hvenær meðferð umsóknar Mílu lýkur.

2.1. Mál fyrir dómstólum.

Ágreiningur hefur verið uppi á milli Símans og jöfnunarsjóðs um það hvort greiða ætti dráttarvexti af ákvörðuðu framlagi til Símans, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar nr. 1/2007. Fyrirtækið stefndi Póst- og fjarskiptastofnun fyrir hönd jöfnunarsjóðs til greiðslu dráttarvaxta vegna þess framlags sem fyrirtækinu var ákvarðað með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 1/2007. Krafa Símans var að Jöfnunarsjóður alþjónustu verði dæmdur til að greiða fyrirtækinu kr. 163.233.277, ásamt dráttarvöxtum frá 10. nóvember 2007 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun þann 26. febrúar 2009 að fjárhæð kr. 163.233.277, sem dragast skyldi frá kröfunni miðað við stöðu hennar á innborgunardeggi.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 25. júní 2010 var Póst- og fjarskiptastofnun f.h. jöfnunarsjóðs alþjónustu, sýknuð af kröfu Símans um greiðslu dráttarvaxta af ákvörðuðu framlagi til handa fyrirtækinu vegna veitingar gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu. Hið ákvarðaða framlag var til komið vegna alþjónustukvaðar á fyrirtækið á árinu 2005. Með dómi Hæstaréttar nr. 500/2010, uppkveðnum 14. apríl 2011 var málinu vísað frá héraðsdómi vegna skorts á aðildarhæfi.

Með stefnu dags. 14. október 2011, höfðaði Síminn nýtt mál gegn íslenska ríkinu og Póst- og fjarskiptastofnun. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-4043/2011, dags. 30. október 2012 var íslenska ríkið og Póst- og fjarskiptastofnun sýknuð af kröfu Símans um greiðslu á rúmlega 163 milljón kr. kröfu um dráttarvexti af jöfnunarsjóðsframlagi sem fyrirtækinu var ákvarðað með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 1/2007.

3. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki

Neðangreindar upplýsingar eru unnar úr gögnum frá Fjársýslu ríkisins og sýna álagningu, breytingar, afskriftir, innheimtu og eftirstöðvar fyrir árið 2011.

3.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2011

Tafla 1

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2010	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2011
590269-7199	Advania hf.		71.345			(71.345)	0
690197-3169	Ábótinn ehf		4.426			(4.426)	0
481188-1219	Brimrún ehf		13.543			(13.543)	0
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf	3.312	25.634			(28.946)	0
470200-2780	Equant á Íslandi ehf		153.537			(153.537)	0
580902-2190	Farice hf		739.561			(739.561)	0
470905-1740	Fjarskipti ehf		9.383.956			(9.383.956)	0
570899-2289	Fjölnet hf		23.840			(23.840)	0
610504-3020	Flugfjarskipti ehf			11.027		(11.027)	0
680292-2489	Fónn ehf	12.319				(4)	12.315
590900-2730	Gagnanet ehf	18.840		(14.400)			4.440
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf		1.000.376			(1.000.376)	0
690506-1140	Gagnaveita Skagafjarðar ehf		20.334			(20.334)	0
470277-0339	Garðaprójón ehf	8.302	0			(8.302)	0
560608-2090	GlobalCall ehf		42.039			(42.039)	0
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	5.561	43.447			(49.008)	0
520907-0330	Húsamálarinn ehf		15.265			(15.265)	0
660595-2449	Internet á Íslandi hf		1.856			(1.856)	0
681201-2890	IP-fjarskipti ehf		1.586.693			(1.586.693)	0
550210-0370	Isavia ohf		10.257			(10.257)	0
710169-5869	Landhelgisgæsla Íslands		13.000			(13.000)	0
550609-0290	Ljós og gagnaleiðari ehf			(12.100)		12.100	0
670199-2319	Ljósraði ehf	10.411			(10.411)		0
710304-3940	Magnavík ehf		16.915			(16.915)	0
410305-1270	Martölvan ehf	157	1.909			(2.066)	0
590308-0800	Material ehf		70.727			(35.364)	35.363
460207-1690	Míla ehf		5.044.703			(5.044.703)	0
451101-2930	Nepal húgbúnaður ehf		11.551			(11.551)	0
450701-2620	Netsamskipti ehf	3.378	26.388			(23.750)	6.016
511095-2559	Neyðarlínan ohf		389.145			(389.145)	0
531205-0810	Nova ehf		2.493.728			(2.493.728)	0
540201-2690	NyX ehf		3.789			(3.789)	0
561000-3520	Orkufjarskipti hf.		249.288			(249.288)	0
560305-1410	Radíó ehf, íslensk fjarskipti		17.877			(17.877)	0
420703-2360	Radíóvík ehf	11.693	2.342			(14.035)	0
600307-0450	Ríkisútvarpið ohf.		102.701			(102.701)	0
701104-3070	SH-Hús ehf	3.250					3.250
470808-0550	Símafélagið ehf		6.015			(6.015)	0
500269-6779	Síminn hf	19.990.203	17.101.058			(37.091.261)	0
601200-2520	Skygnir hf upplýsingaþjónusta		301.067			(301.067)	0
430197-2319	Snerpa ehf		29.578			(29.578)	0
611201-2490	Softverk ehf	7.183				(7.183)	0
660702-2880	Tengir hf	20.486	100.209			(120.695)	0
571201-2670	TSC ehf		6.858			(6.858)	0
630903-2620	Tæknimiðlun ehf		3.239			(3.239)	0
700895-2549	Tölvu- og rafeindaþj Suðurl ehf		13.784			(13.784)	0
690393-2989	Tölvun ehf, verkfræði-/tölvuþjón	8.338	12.266			(20.604)	0
601207-0870	Tölvustöð ehf		2.021			(2.021)	0
411199-2749	Þekking - Tristan hf	8.151	63.694			(71.845)	0
691206-0840	Þjóðhagi ehf		24.671				24.671
		20.136.255	39.219.961	(15.473)	(10.411)	(59.244.277)	86.055

3.2. Staða jöfnunarsjóðs

Í töflu 2 er yfirlit yfir álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs:

Tafla 2

Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000		13.931.078			(9.818.302)	4.112.776
Árið 2001	4.112.776	14.860.992			(6.596.238)	12.377.530
Árið 2002	12.377.530	52.479.301	(5.489.029)	(66)	(40.900.639)	18.467.097
Árið 2003	18.467.097	51.436.749	(54.338.594)	(138.000)	(9.211.753)	6.215.499
Árið 2004	6.215.499	32.123.869	(12.465.059)	(690)	(25.330.489)	543.130
Árið 2005	543.130	30.906.483	(2.282.680)		(19.037.593)	10.129.340
Árið 2006	10.129.340	30.791.689	(9.715.385)		(27.661.746)	3.543.898
Árið 2007	3.543.898	24.179.956	(10.805.553)		(16.338.390)	579.911
Árið 2008	579.911	38.854.117	9.746.550		(48.466.272)	714.306
Árið 2009	714.306	259.543.168	(1.067.437)	(28.350)	(253.612.549)	5.549.138
Árið 2010	5.549.138	43.943.176	17.231.410	(3.360)	(46.584.109)	20.136.255
Árið 2011	20.136.255	39.219.961	(15.473)	(10.411)	(59.244.277)	86.055
		632.270.539	(69.201.250)	(180.877)	(562.802.357)	

Í töflu 3 er yfirlit yfir tekjufærslur:

Tafla 3

Ár	Tekjufært	Gjaldf. afskr.	Framlag	Til ráðst.
Árið 2000.....	13.931.078		10.000.000	23.931.078
Árið 2001.....	14.860.992			14.860.992
Árið 2002.....	25.934.843	(66)		25.934.777
Árið 2003.....	18.015.584			18.015.584
Árið 2004.....	19.658.810	(690)		19.658.120
Árið 2005.....	28.623.803			28.623.803
Árið 2006.....	21.076.304			21.076.304
Árið 2007.....	13.374.403			13.374.403
Árið 2008.....	48.600.667			48.600.667
Árið 2009.....	258.475.731	(28.350)		258.447.381
Árið 2010.....	61.174.586	(3.360)		61.171.226
Árið 2011.....	39.204.488	(10.411)		39.194.077
	562.931.289	(42.877)	10.000.000	572.888.412

Samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið eftirfarandi síðustu 12 árin samkvæmt gögnum Póst- og fjarskiptastofnunar: Neyðarlínan hefur fengið meginhluta framlagsins vegna reksturs neyðarþjónustu en Síminn hefur einu sinni fengið framlag úr sjóðnum.

Tafla 4

Ár	Framlög
Árið 2000.....	18.618.302
Árið 2001.....	20.496.000
Árið 2002.....	20.496.000
Árið 2003.....	23.889.600
Árið 2004.....	26.735.628
Árið 2005.....	25.440.000
Árið 2006.....	25.440.000
Árið 2007.....	192.921.277
Árið 2008.....	30.100.000
Árið 2009.....	33.371.618
Árið 2010.....	38.230.601
Árið 2011.....	41.900.000
	497.639.026

Í töflu 4 kemur fram að samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið 497.639.026 kr. en álagt jöfnunargjald sjóðsins að viðbættu 10.000.000 kr. framlagi ríkisins hefur á sama tímabili numið 572.888.412 kr. Álagt jöfnunargjald á þessu 12 ára tímabili sem liðið er frá því að gjaldið var tekið upp er því 75.249.386 kr. umfram framlög úr sjóðnum.

4. Um stöðu Jöfnunarsjóðs alþjónustu

Eins og fram kemur hér að ofan þá er álagt jöfnunarsjóðsgjald frá því að gjaldið var tekið upp 75.249.386 kr. umfram framlög úr sjóðnum.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir ráðherra. Verði útgjöld hærri en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda hærri en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er það ekki hlutverk jöfnunarsjóðs að mynda inneign með þeim hætti sem átt hefur sér stað á undanförunum árum. Stofnunin hefur þó ekki hingað til viljað leggja til við ráðherra að álagningarprósenta verði lækkuð frá því sem nú er. Helgast það m.a. af þeim ágreiningi sem uppi hefur verið við Símann varðandi það hvort jöfnunarsjóði sé skylt að greiða dráttarvexti af ákvörðudu framlagi til fyrirtækisins, sbr. umfjöllun í kafla 2.1. Þó að Póst- og fjarskiptastofnun og íslenska ríkið hafi verið sýknuð af kröfu Símanns um greiðslu dráttarvaxta af ákvörðudu framlagi eru allar líkur á, miðað við forsögu málsins, að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar og að bíða þurfi endanlegrar niðurstöðu réttarins um hvort skylt sé að greiða dráttarvexti eða ekki.

Á meðan ekki hefur hlotist endanleg niðurstaða í ofangreindu máli þykir Póst- og fjarskiptastofnun ekki vera forsendur til að endurskoða álagningarprósentu jöfnunargjalds og mun stofnunin því ekki gera tillögu til innanríkisráðherra um breytt gjaldahlutfall, að svo stöddu.